

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun 54**  
**konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um breyting á lögum um** 27. febr.  
**kosningar til alþingis, 14. sept. 1877.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 12. nóv. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um breyting á lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877, er upp hafið verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt af síðasta alþingi, og er það efni lagafrumvarps þessa, að breyta þeirri ákvörðun í hinum núgildandi kosningalögum, að kjörskrárnar skuli gilda frá 1. júlí ár hvert til 30. júní árið eptir, í þá átt, að þær gildi frá 6. júní ár hver ttil 5. júní næsta ár á eptir, og í samræmi við þetta er breytt tímaákvæðum um leiðrjetting skráanna og framlagning.

Eins og þjer, er þjer senduð lagafrumvarpið, hafið lagt það til, að frumvarpið hljóti staðfesting konungs, með því að það að yðar álitu hafi inni að halda hentuga breytingu á hinum núgildandi reglum, þannig hefur ráðaneytið heldur ekki fundið neitt móti aðalinnihaldi frumvarpsins að athuga. Að það samt eigi hefur getað orðið lagt til, að frumvarpið öðlist allrahæsta staðfestingu, er eingöngu því að kenna, að í frumvarpinu er fastákvæðinn tími, er lögin skuli öðlast gildi, þ. e. 1. jan. 1892, en lagafrumvarpið barst eigi ráðaneytinu fyr en í desembermánuði f. á. — Jafnvel þótt konungsstaðfesting hefði getað fengizt fyrir árslok 1891, hefði eptir því fyrirkomulagi, sem er á póstsambandinu við Ísland, ekki verið mögulegt að senda lögin til Íslands fyrr en með póstskipi því, er fór hjedan 17. janúarmán.; eptir áætluninni átti það skip ekki að koma til Reykjavíkur fyrr en í janúarlok, og með því fyrirkomulagi landpóstanna, sem er, hefði því verið óvíst og sumpart með öllu ómögulegt, að því er snertir mikinn hluta landsins, að lögin hefðu getað orðið svo tímanlega kunn almennungi, að auðið hefði verið að fylgja þetta ár ákvæðum þeirra um leiðrjetting kjörskráanna í febrúarmánuði og um framlagning skráanna til sýnis með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara í tímabilinu frá 1. til 21. marz.

Þar sem ráðaneytið var þeirrar skoðunar, að rjett væri að fresta útkomu slíkra laga þegar þannig var ástatt, og að þannig væri rjett, að lagafrumvarp þetta yrði ekki gjört að lögum, heldur að frumvarp sama efnis en með öðrum ákvæðum um hvenær lögin skyldu öðlast gildi yrði lagt fyrir næsta alþing, hefur ráðgjafinn allraþegnsamlegast lagt það til, að hið umrædda frumvarp hljóti ekki allrahæsta staðfestingu, og hefur hans hátign konunginum hinn 19. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á þá tillögu.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um veiting 55**  
**Staðarhraunsprestakalls.** — Með skírskotun til þess, að neðri deild síðasta alþingis felldi frumvarp það, er lagt var fyrir þingið um breyting á lögum 29. febr. 1880 um skipun prestakalla, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dags. 23. f. m., vakið máls á því, að nú megi að ætlan yðar

12. dag aprilmán. 1892.